

M-27/2017. Álit 19. maí 2017.

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 19. maí 2017 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-27/2017.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 29. apríl 2017 bað X, hér eftir nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna greiðslu fyrir farangur farþega með Y, hér eftir nefndur seljandi. Álitsbeiðandi krefst m.a. endurgreiðslu á 11.911 kr.

II

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar eftir lögum nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003 geti beðið kæruneftndina um álit á ágreiningnum. Valdsvið kæruneftndarinnar nær því ekki til að gefa álit á ágreiningi sem ekki fellur undir framangreind lög.

Sá ágreiningur sem uppi er á milli aðila fellur hvorki undir lög um lausafjárkaup né neytendakaup enda ekki um að ræða kaup á hlut heldur flutningi á farangri flugfarþega.

Í 1. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup er gildissvið laganna skilgreint. Þar segir í 1. gr.: „Lög þessi taka til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi og þegar veitt þjónusta felur í sér:

1. vinnu við lausafjármuni,
2. vinnu við fasteignir, vinnu vegna byggingarframkvæmda eða aðrar framkvæmdir á landi,
3. geymslu á lausafjármunum,
4. ráðgjafarþjónustu sem veitt er í tengslum við 2. tölul.

Með þjónustu er átt við heildarframlag seljanda sem honum ber greiðsla fyrir. Með neytanda er átt við einstakling sem er kaupandi þjónustu og kaupin eru ekki í atvinnuskyni eða í tengslum við starf hans.“

Af skilgreiningu þessari er ljóst að viðskipti þau sem álitsbeiðandi kvartar undan falla ekki undir gildissvið laga nr. 42/2000 sem leiðir aftur til þess að kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa hefur ekki vald til þess samkvæmt þeim lögum sem hún starfar eftir að gefa álit sitt á ágreiningnum.

Niðurstaða kæruneftndarinnar er því sú að samkvæmt framansögðu og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa beri að vísa beiðni álitsbeiðanda frá nefndinni.

III

Álitsorð

Álitsbeiðni X, er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Áslaug Árnadóttir
formaður